

Nd.

339. Frumvarp

til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita bræðrunum Sturlu Jónssyni og Friðriki Jónssyni, báðum til heimilis í Reykjavík, einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis (lotterí) með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

- a) Happdrætti hvers árs skiftist í tvo flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 15000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera fleiri en 5 drættir.
- b) Iðgjald til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 200 íslenskar krónur, og eru 10% af því skattur til ríkisins. Þegar seldir eru yfir 5000 seðlar, upp að 10000, greiðast af þeim seðlum 5% að auki af því, sem eftir er, en vinningar skulu þó vera hinir sömu (70%).

Þegar selst hafa 10000 seðlar, upp í 15000, skal aukagjaldið af síðustu 5000 seðlunum vera 10% (vinningar 70% eins og áður). Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta. Þó má ekki skifta í smærri hluta en áttundir.

- c) Í hvorum flokki happdrættisins eiga vinningarnir að nema 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutana í flokknum, að frádregnum 10% skatti til ríkisins.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykkt af ráðuneytinu, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli og reglur um auglýsing um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í íslenskum krónum.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna til ríkisins.

- d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað

þaðan, undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skal að minsta kosti í nefndarmanna vera lögfræðingur, sem gengur er í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmati eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.

- e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita um alt að því 15 ár, frá 1. okt. 1926 að telja.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðuneytisins, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi, en þeir hafa fyrirgert rjetti sínum, ef happdrættið er ekki tekið til starfa 1. mars 1927, og ef þeir gegna ekki skyldu sinni með greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til rikissjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef reglugerð sú, sem samþykkt er fyrir happdrættið, er brotin af þeirra hálfu. Skal ráðuneytinu þá heimilt að selja einkaleyfið öðrum í hendur.

- f) Gjald það, sem einkaleyfishafar greiða í rikissjóð samkvæmt b-lið, skal aldrei nema minna en kr. 50000,00 á missiri.
- g) Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en happdrættið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í Landsbanka Íslands.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi ljártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatrygging fyrir því, sem á vantar, er ráðuneytið tekur gilda.

Ráðuneytið hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir hönd rikissjóðs, að trygging sú, sem þjer ræðir um, sje til. Þá skulu leyfishafar og, áður en happdrættið tekur til starfa, setja rikissjóði tryggingu, sem ráðuneytið tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði rikissjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjalds.

- h) Ráðuneytið setur nánari ákvæði um fyrirkomulag happdrættisins.

2. gr.

Meðan einkaleyfi það til happdrættis, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningahappdrætti fyrir Ísland nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til rikissjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir happdrætti utanríkis eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.